

STJÓRNARTÍÐINDI B 45 – 2000

Nr. 258

554

10. apríl 2000

AUGLÝSING

**frá ríkisskattstjóra nr. 9/2000 um breytingar á auglýsingu
ríkisskattstjóra nr. 2/2000, um skattmat í staðgreiðslu á árinu 2000.**

Eftirfarandi breytingar á skattmati í staðgreiðslu gilda frá 1. apríl 2000.

1. Á kafla 3.2. í auglýsingunni, Mat á kílómetragjaldi innan viðmiðunarmarka, verða þessar breytingar:
 - a) Í stað fjárhæðanna: kr. 41,65, kr. 37,50 og kr. 33,30 komi fjárhæðirnar: kr. 42,30, kr. 38,10 og kr. 33,85.
 - b) Í stað 2. málsgreinar kaflans komi:

Fái launamaður greitt sérstakt gjald í samræmi við reglur ferðakostnaðarnefndar skal hækka framangreindar fjárhæðir um 15% og um 45% ef hann fær greitt torfærugjald, enda sé gerð fullnægjandi grein fyrir því að forsendur fyrir greiðslu slíkra gjalda séu uppfylltar.
2. Á tölulið 4.2. í auglýsingunni verði svofelldar breytingar:
 - a) Á eftir orðinu „Bretland“ komi orðin: og Rússland.
 - b) Í stað orðanna: „New York“ komi orðin: New Yorkborg og Washington DC.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt ákvæðum 5. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, og 116. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt. Gildir hún við staðgreiðslu frá og með 1. apríl 2000.

Reykjavík, 10. apríl 2000.

Indriði H. Þorláksson ríkisskattstjóri.

Nr. 259

6. apríl 2000

AUGLÝSING

um deiliskipulag á lóð Endurvinnslustöðvar Sorpu við Dalveg 1, Kópavogi.

Á fundi bæjarstjórnar Kópavogs 20. desember 1999 var samþykkt, tillaga Arkþings að deiliskipulagi lóðar Endurvinnslustöðvar Sorpu við Dalveg. Tillagan var auglýst samkvæmt 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 frá 3. ágúst til 1. september 1999. Athugasemdir við tillöguna bárust frá tveimur aðilum og voru nokkrar breytingar gerðar á henni í framhaldi af því. Umsögn um framkomnar athugasemdir og ábendingar var jafnframt samþykkt á ofangreindum fundi bæjarstjórnar. Tillagan hefur verið yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

Kópavogi, 6. apríl 2000.

Birgir H. Sigurðsson skipulagsstjóri.